



Tímamót—Elísabet Siemsen kveður

Það eru merk tímamót í FG. Elísabet Siemsen lætur af störfum sem aðstoðarskólameistari FG. Elísabet hefur starfað við FG frá því fyrir stofnun skólans. Elísabet hefur víða lagt hönd á plóg þegar kemur að störfum við skólann. Framan af kenndi hún þýsku og íslensku við góðan orðstír. Síðar var hún fyrsti forvarnafulltrúi skólans og mótaði það starf til langframa innan skólans. Eitt af því sem hún kom til leiðar og vann sleitulaust að var uppsetning söngleiks nemenda. Það tókst vel og hefur verið settur upp söngleikur á hverju ári síðan þá. Árið 2005 varð hún áfangastjóri og gegndi því til 2010 þegar hún tók við starfi aðstoðarskólameistara. Skólaárið 2016-2017 var Elísabet skólameistari FG í afleysingum.

Það er því ekki að furða að við kveðjum Elísabetu með söknuði og óskum henni velfarnaðar á nýjum vettvangi sem rektor Menntaskólans í Reykjavík.

Við starfi Elísabetar sem aðstoðarskólameistari tekur Snjólaug Elín Bjarnadóttir sem hefur einnig gengt mörgum störfum innan skólans. Við væntum mikils af Snjólaugu og óskum henni til hamingju með nýtt starf.

Miðannarmat

Nú er búið að skrá miðannarmat og má sjá það á nemendavef INNU. Miðannarmatið er fyrst og fremst hugsað sem skilaboð til nemenda um hver staða þeirra er í námi á miðri önn. Ef niðurstaðan er ekki nægjanlega góð er enn hægt að slá í klárinn og reyna að vinna upp gamlar syndir. Við hvetjum foreldra til að skoða niðurstöðurnar með unga fólkinu og hvetja það til dáða.

Foreldrar yngri en 18 ára hafa sjálfstæðan aðgang að INNU og geta látið senda sér lykilorð í netpósti ef þeir hafa gleymt eða týnt lykilorðinu.

Rafrettur – Vape

Mikið hefur borið á rafrettureykingum í skólanum og næsta nágreppi við hann. Nú skal ekki dregið úr því að þessi tæki geti hjálpað einhverjum að hætta reykingum en við óttumst að rafrettureykingar séu að draga til sín fjölda nýrra notenda sem hefja sínar reykingar á rafrettum. Skólareglur eru alveg skýrar um notkun á rafrettum: „**Skólinn er reykluslaus með öllu. Nemendum og starfsmönnum er óheimilt að reykja í húsnæði skólans og á skólalóð. Þetta á við um allar tegundir tóbaksnotkunar, svo sem sigarettureykingar, munntóbaksnotkun og rafrettureykingar.**“

Sala á rafrettum er óheimil til yngri en átján ára en það er ljóst að fjöldi notenda er yngri en það. Ef rafrettur verða til þess að notendum tóbaks fjölgar þá hefur tilkoma þeirra gert illt verra. Við töldum okkur nærri sigri á reykingum en sitjum núna allt í einu uppi með unglinga reykingandi inni í skólanum og í rútum á skólaferðalögum. Hvetjum við foreldra til að fylgjast með og reyna að stemmu stigu við þessum reykingum sem og öðrum.

Fjölbreytileiki

Á undanförunum dögum hefur skólinn fengið athugasemdir sem snúa að viðhorfum okkar til kynþáttamála og stöðu nemenda innan skólans sem hafa annan bakgrunn en meirihluti nemenda. Af þessu tilefni viljum við taka fram að í FG er fjölbreyttur hópur nemenda og fjölbreytnin er einmitt eitt af því sem gerir FG að góðum skóla. Við teljum afar mikilvægt að komið sé eins fram við alla nemendur og að mannréttindum sé gert hátt undir höfði. Mismunun á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar eða trúarbragða er ekki umborin í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ né er umborið að slíkum sjónarmiðum sé haldið fram innan skólans.

PRÓFTAFLA HAUSTÖNN 2017

Kl.	1.PRÓFD. Mán.4.12	2.PRÓFD. Þri.5.12	3.PRÓFD. Mið.6.12	4.PRÓFD. Fim.7.12	5.PRÓFD. Fös.8.12	L	S	6.PRÓFD. Mán.11.12	7.PRÓFD. Þri.12.12	8.PRÓFD. Mið.13.12	Fim. 14.des	Fös. 15.des	L	S	M	Pri. 19.des	
09:00	ENSK1ub05	BÓKF1ib05	ÍSLE3na05	FÉLA3ab05	ENSK3fa05-fj			DANS1fr05	HAGF2ar05	Sjúkra-		Kl.9.00 Endurtöku- próf fyrir stúd.efni					
	ENSK2ms05	DANS3so05	ÍSLE3sn05	FÉLV1if05	STÆR1aj05			DANS2lo05	HEIM2hh05	próf							
	FJÁR2fe05	EÐLI2gá05			STÆR2fj05			DANS2SO03	ÍSLE1ub05	6. + 7.							
	SAGA3me05	EFNA3fe05			STÆR3dh05			DANS2sx03	ÍþRF3hb05	PR.D.							
		LÍFF1gá05			STÆR3fa05												
		LÍFF2le05			STÆR3hv05												
		UMHV1me05-fj			STÆR4sg05-3 klst.												
UPPþb																	
13:00	SPÆN1ff05	BÓKF3bá05-3klst.	ÍSLE1ua05	EÐLI3ne05	FJÖL3bi05			EFNA2fe05	EFNA3lr05	STÆR1hs05-sj							
	SPÆN1fr05	EÐLI2ra05	ÍSLE2mg05	FÉLV2af05	NÆRI2nf05			EFNA2ie05	ENSK3hr05-fj	STÆR1ua05-sj							
	SPÆN1gr05	ENSK3le05-fj	ÍSLE3bb05	JARÐ2ji05	SAGA1í05			HAGF2aþ05	FRAN1gr05	STÆR2ts05-sj							
	SPÆN2bó05	ÞÝSK1ff05	SÁLF3þu05	JARÐ2js05	SAGA2ms05			STJÓ3is05	ÍþRF2þj05	STÆR3ti05-sj							
	SPÆN2le05	ÞÝSK1fr05		LIST3sa05	SÁLF3gs05				LIST2fb05	LÍFF3ef05-sj							
		ÞÝSK1gr05		LÍFF3le05	TÖLV2gr05				MARK3mr05								
		ÞÝSK2bm05		MARK2am05	TÖLV2ug05				STÆR3ti05-fj								
				SAGA3ss05	TÖLV3ff05												
				TÖLV3fo05													
15:00			Sjúkrapr. 1.PRÓFD.	Sjúkrapr. 2.PRÓFD.	Sjúkrapr. 3.PRÓFD.			Sjúkrapr. 4.PRÓFD.	Sjúkrapr. 5.PRÓFD.	Sjúkrapr. 6.PRÓFD.							

Föstud.15. des.:
Einkunna-
birting
kl.11,
prófasýning **kl.12-
13:30**
Æfing fyrir útskriftar-
nema
kl. 14.00

Þriðjud.19. des.:
Útskrift
kl. 14.00

Tilkynna skal veikindi áður en próf hefst í síma skólans, 5201600, og skila vottorði frá lækni eða forráðamanni á skrifstofu skólans áður en komið er í sjúkrapróf. Nemendur með tvö eða fleiri próf á sama degi geta sótt um að taka próf á sjúkraprófstíma. Umsóknir um það þurfa að berast í **síðasta lagi 24. nóvember**. Fyrir annan prófaflutning þarf að **greiða 2.200.- kr** og þurfa umsóknir um það einnig að berast fyrir 24. nóvember. Ef áfangar eru merktir -fj. í próftöflu þýðir það að eingöngu er prófað í áfanganum í fjarnámshópunum ekki í dagskólanum.

Brautskráning fer fram í hátíðarsal skólans þriðjudaginn 19. des. kl.14.

Birt með fyrirvara um breytingar.